

Jafnréttisáætlun Blönduósþæjar 2019-2023

Inngangur

Það er hagsmunamál hvers sveitarfélags að íbúum þess séu tryggð jöfn réttindi óháð stöðu og kyni.

Allir sem búa og starfa í sveitarfélaginu skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, kynþáttar, trúarbragða, stjórnamálastöðna, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Hugað skal sérstaklega að því að stuðla að jöfnum rétti karla og kvenna og vinna gegn stöðnuðum hugmyndum um hlutverk kynjanna sem hefta frelsi einstaklingsins til að geta notið sín á þeim sviðum sem slíkar staðalímyndir ná til.

Markmið jafnréttisáætlunar er að stuðla að jafnri þátttöku kvenna og karla á öllum sviðum samfélagsins og byggir hún á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008, lögum um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018 og lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018. Áætlunin er í samræmi við ákvæði 12. greinar laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 (hér eftir nefnd jafnréttislög) en þar er kveðið á um að sveitarfélög skuli skipa jafnréttisnefndir og gera jafnréttisáætlanir. Þær kröfur eru gerðar til jafnréttisáætlana sveitarfélaga að í þeim komi fram hvernig unnið skuli að kynjasambættingu á öllum sviðum og að þær innihaldi framkvæmdaáætlun um hvernig leiðrétta skuli mismun á stöðu kvenna og karla innan sveitarfélagsins.

Tilgangur jafnréttisáætlunar er að samþætta jafnréttismálin öðrum málefnum sveitarfélagsins. Með samþykktri jafnréttisáætlun fyrir sveitarfélagið er lögð áhersla á frumkvæði bæjaryfirvalda til aðgerða sem tryggja jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Vegna nálægðar við íbúana er sveitarstjórnarstigið í góðri aðstöðu til að vinna að jafnrétti á öllum sviðum samfélagsins, hvort heldur sem stjórnvald, þjónustuaðili eða vinnuveitandi.

Sérstakar kröfur eru gerðar til sveitarfélagsins vegna skólastarfs sem og íþrótt- og tómstundastarfs. Allar deildir og stofnanir sveitarfélagsins skulu taka mið af jafnréttisáætluninni.

Blönduósbær sem stjórnvald

Nefndir og ráð

- sbr. 15 grein jafnréttislaga.

Þess skal gætt við tilnefningar sveitarstjórnar í nefndir og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að, að hlutfall kynjanna sé sem jafnast. Því skal beint til stjórnámálflokka að við uppstillingu á framboðslistum skuli hlutfall kynjanna vera eins og best verður á kosið þ.e. sem jafnast og réttlátast. Að loknum kosningum er kynjasambætting sjálfsagt verkfæri við alla stjórnskipan.

Verkefni: Senda bréf til stjórnámtaka í sveitarfélaginu þar sem mikilvægi jafns kynjahlutfalls á framboðslistum sem og við skipan í nefndir og ráð er ítrekað.

Ábyrgð: Jafnréttisnefnd.

Tímasetning: Með ákjósanlegum fyrirvara fyrir sveitarstjórnarkosningar.

Kynjasambætting

- sbr. 17. gr. jafnréttislaga.

Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð á vegum sveitarfélagsins og stofnana er starfa á vegum þess. Hið sama gildir um alla ákvörðunartöku sveitarfélagsins og stofnana þess eftir því sem við getur átt.

Með kynjasambættingu er átt við að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þar til bæra aðila innan sveitarfélagsins.

Verkefni: Ráðist verði í tilraunaverkefni sem miðar að aukinni kynjasambættingu innan sveitarfélagsins.

Ábyrgð: Jafnréttisnefnd, byggðaráð, sveitarstjóri og sviðsstjórar.

Tímasetning: Verkefnið hefjist eigi síðar en í árslok 2020 og verði lokið ári síðar.

Greining á tölfræðiupplýsingum

- sbr. 16. gr. jafnréttislaga.

Í opinberri hagskýrslugerð um einstaklinga og í viðtals- og skoðanakönnunum skal greint á milli kynja við söfnun gagna, úrvinnslu þeirra og birtingu upplýsinga nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því.

Verkefni: Gæta að því að upplýsingar sem teknar eru saman og birtar séu kyngreindar eftir því sem mögulegt er.

Ábyrgð: Sveitarstjóri og sviðsstjórar.

Tímasetning: Þegar við á.

Blönduósbær sem þjónustuaðili

Fræðslu-, menningar-, tómstunda-, og íþróttastarf.

- sbr. 23. grein jafnréttis laga og 10. gr. laga nr. 85/2018.

Sérstök áhersla skal lögð á það við leik- og grunnskóla sveitarfélagsins, að unnið sé markvisst að eflingu fræðslu um jafnréttismál, með áherslu á jafnrétti sem hagsmunamál karla ekki síður en kvenna og vinnu gegn staðalímyndum kynjanna. Lögð skal áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.

Skólarnir eru ábyrgir fyrir þeirri jafnréttisfræðslu sem þar fer fram og skulu setja sér áætlanir þar að lútandi.

Sveitarfélagið skal veita börnum og ungmennum óháð kyni sömu tækifæri til íþrótt- og tómstundaiðkunar. Allar styrkveitingar til íþrótt- og tómstundastarfs skulu háðar því skilyrði að iðkendum séu veitt jöfn tækifæri óháð kyni. Kanna þarf brottfall unglinga eftir kynjum úr hefðbundnum íþróttagreinum og leita leiða til að mæta þörfum þeirra fyrir útrás og hreyfingu á annan hátt ef sýnt þykir að áhugasvið breytist eftir ákveðinn aldur. Þess skal gætt að ungmenni hafi sömu möguleika til starfa á vegum sveitarfélagsins.

Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum er hvers kyns mismunur vegna kynþáttar og þjóðernisuppruna óheimil. Skylt er að gæta þessa í námi, kennslu, starfsháttum og daglegri umgengni við nemendur.

Verkefni: Kynning á þeim hluta jafnréttisáætlunar sveitarfélagsins sem snýr að leik- og grunnskóla. Unnin skal greinargerð um stöðu jafnréttismála í leik- og grunnskóla og áætlun um jafnréttisfræðslu á hvoru skólastigi fyrir sig unnin á grundvelli greinargerðarinnar.

Ábyrgð: Sveitarstjóri, fræðslunefnd og skólastjórnendur.

Tímasetning: Greinargerð og áætlun skulu liggja fyrir eigi síðar en í maí 2020 og janúar 2022.

Verkefni: Árleg könnun á þátttöku og brottfalli barna og ungmenna í íþrótt- og tómstundastarfi.

Ábyrgð: Menningar- tómstunda- og íþróttanefnd í samstarfi við íþróttafélög á svæðinu.

Tímasetning: Fyrir 31. maí ár hvert.

Blönduósbær sem vinnustaður

Samkvæmt 18. gr. jafnréttislaga skulu fyrirtæki og stofnanir þar sem starfa 25 starfsmenn eða fleiri setja sér aðgerðabundna jafnréttisáætlun þar sem fram kemur hvernig starfsmönnum eru tryggð réttindi skv. 19. – 22. gr.

Jöfn laun, starfsmannaráðningar og starfsaðstæður

- sbr. 19. gr. jafnréttislaga

Launajafnrétti

Sveitarfélagið skal vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna í störfum á vegum sveitarfélagsins. Einstaklingum er starfa hjá sveitarfélaginu skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara óháð kyni fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Með jöfnum launum er átt við að laun skulu ákveðin á sama hátt óháð kyni. Skulu þau viðmið sem lögð eru til grundvallar launaákvörðun ekki fela í sér kynjamismunun. Áhersla skal lögð á jafnan hlut kynjanna á stjórnunar- og áhrifastöðum. Störf á vegum sveitarfélagsins skulu standa opin jafnt konum sem körlum og skal það koma skýrt fram í auglýsingum um laus störf á vegum sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið og stofnanir þess skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera starfsfólki, óháð kyni, kynþáttar og þjóðernisuppruna, kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu meðal annars miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.

Verkefni: Árleg úrtakskönnun á launum starfsmanna í sambærilegum störfum til að koma í veg fyrir og eftir atvikum leiðrétt kynbundinn launamun í störfum á vegum sveitarfélagsins.

Ábyrgð: Jafnréttisnefnd í samstarfi við sveitarstjóra.

Tímasetning: Fyrir lok ágúst ár hvert.

Ráðningar

- sbr. 20. gr. jafnréttislaga.

Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum. Atvinnurekendur skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að konur og karlar njóti sömu möguleika til endurmenntunar, símenntunar og starfsþjálfunar og til að sækja námskeið sem haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings fyrir önnur störf.

Áhersla skal lögð á jafnan hlut kynjanna á stjórnunar- og áhrifastöðum. Störf á vegum sveitarfélagsins skulu standa opin öllum kynjum og skal það koma skýrt fram í auglýsingum um laus störf á vegum sveitarfélagsins.

Verkefni: Samantekt á kynjahlutföllum innan sveitarfélagsins.

Ábyrgð: Jafnréttisnefnd, sveitarstjóri og sviðsstjórar.

Tímasetning: Samhliða endurskoðun jafnréttisáætlunar, á tveggja ára fresti.

Verkefni: Í starfsauglýsingum skulu öll kyn hvött til að sækja um störf. Það kyn sem hallar á í starfsmannahópnum skal hvatt sérstalega til að sækja um.

Ábyrgð: Sveitarstjóri og sviðsstjórar.

Tímasetning: Við auglýsingu lausra starfa á vegum sveitarfélagsins.

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

- Sbr. 21. gr. jafnréttislaga.

Sveitarfélagið og stofnanir þess skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera starfsfólki, óháð kyni, kynþáttar og þjóðernisuppruna, kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Ráðstafanir þær skulu meðal annars miða að því að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma þannig að bæði sé tekið

tillit til fjölskylduaðstæðna starfsmanna og þarfa atvinnulífs, þar með talið að starfsmönnum sé auðveldað að koma aftur til starfa eftir fæðingar- og foreldraorlof eða leyfi úr vinnu vegna óviðráðanlegra og brýnna fjölskylduaðstæðna.

Verkefni: Kanna möguleika á frjálssari vinnutíma og styttingu vinnuvikunnar hjá stofnunum og vinnustöðum á vegum sveitarfélagsins.

Ábyrgð: Sveitarstjóri og jafnréttisnefnd í samráði við sviðsstjóra.

Tímasetning: Fyrir árslok 2019.

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni

- sbr. 22. gr. jafnréttislaga.

Sveitarfélagið og yfirmenn stofnana og félagasamtaka þess skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemar og skjólstæðingar verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum.

Kynbundin og kynferðisleg áreitni sem og ofbeldi er ekki liðið á vinnustöðum og stofnunum sveitarfélagsins. Lögð er áhersla á að skýrir ferlar séu til staðar og þeim framfylgt þannig að tryggt sé að mál af slíkum toga fari án tafar í fyrirfram ákveðið ferli.

Verkefni: Gerð stefnu og viðbragðsáætlunar gegn einelti, ofbeldi, kynferðislegri og kynbundinni áreitni.

Ábyrgð: Jafnréttisnefnd í samráði við sveitarstjóra, byggðaráð og stjórnendur einstakra stofnana.

Tímasetning: Júlí 2020.

Verkefni: Kynning á stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti, ofbeldi, kynferðislegri og kynbundinni áreitni.

Ábyrgð: Sveitarstjóri.

Tímasetning: Október 2020.

Endurskoðun og kynning

- sbr. 12. gr. jafnréttis laga.

Eftir samþykkt skal jafnréttisáætlun kynnt öllum stjórnendum sveitarfélagsins, stéttarfélögum, kjörnum fulltrúum og embættismönnum. Þá skal jafnréttisáætlun vera aðgengileg á vefsíðu sveitarfélagsins auk þess sem hún skal kynnt íbúum sveitarfélagsins. Jafnréttisnefnd ber að endurskoða jafnréttisáætlun annað hvert ár.

Verkefni: Jafnréttisáætlun kynnt öllum stjórnendum sveitarfélagsins, stéttarfélögum, kjörnum fulltrúum og embættismönnum.

Ábyrgð: Jafnréttisnefnd í samráði við sveitarstjóra.

Tímasetning: Október 2019.

Verkefni: Opinber birting jafnréttisáætlunar og kynning hennar fyrir íbúum sveitarfélagsins með upplýsingabæklingi og íbúafundi.

Ábyrgð: Jafnréttisnefnd í samráði við sveitarstjóra.

Tímasetning: Nóvember 2019.

Verkefni: Endurskoðun jafnréttisáætlunar og skil á skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála innan sveitarfélagsins til Jafnréttisstofu.

Ábyrgð: Jafnréttisnefnd.

Tímasetning: Apríl 2020 og apríl 2022.

Þannig samþykkt í jafnréttisnefnd 7. febrúar 2019

Þannig samþykkt í sveitarstjórn 12. febrúar 2019